



Kæli- og frystivörutrygging

Skilmáli E-10

Tryggingin tekur til tjóna sem geta orðið á vörum sem eru geymdar í kæli- eða frystigeymslum.

Í skilmálanum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf.

Um váttrygginguna gilda váttryggingarskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Ákvæði í skilmála þessum ganga framar ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

1. Kafli. Bótasvið og varúðarreglur

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin bætir tjón á váttryggðum vörum sem er tilkomið vegna þess að kælimiðill streymir út og/eða hiti hækkar vegna skyndilegrar og ófyrirsjáanlegrar bilunar í kæli- og frystivélum, straumrofs eða annarra skyndilegra og ófyrirsjáanlegra atvika.

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Váttryggingin bætir ekki tjón á:

- vörum sem voru gallaðar þegar þeim var komið fyrir í geymslu.
- vörum sem geymdar hafa verið lengur en hæfilegt getur talist miðað við tegund þeirra og eðli né heldur skemmda á þeim sem stafa af of langri geymslu.
- vörum í geymslum sem kældar eru með þurrís eða ísmolum.

3. gr. Varúðarreglur

- Váttryggðum ber skylda til að halda kæli- eða frystikerfi, þar sem vörurnar eru geymdar, í góðu rekstrarástandi og fylgja leiðbeiningum seljanda kerfisins og uppfylla skilyrði laga og reglugerða. Auk þess skal hann tafarlaust láta bæta úr göllum eða annmörkum á kerfinu verði hann var við þá.
- Viðurkennt kælifyrirtæki skal hafa tæknilegt eftirlit með frystigámum og gera skýrslu á a.m.k. sex mánaða fresti um ástand þeirra. Afrit skýrslunnar skal senda til félagsins óski það þess.
- Ræsirofar og straumkaplar skulu vera þannig að utanaðkomandi aðilar geti ekki rofið straum að kælivélum.
- Lofthæði í gámum skal vera virkt.
- Hitastigsmælur í geymslugámum skulu vera minnst tveir, einn við sinn hvorn enda gámsins.
- Síritasjald í gámum skal vera virkt.

2. Kafli. Almenn ákvæði

4. gr. Hvað er váttryggt?

Váttryggingin gildir fyrir þær vörur sem tilgreindar eru á váttryggingarskírteini. Hér er átt við hráefni, hálfunnar og fullunnar vörur, sem geymdar eru í frysti- eða kæligeymslum eða í frysti- og kæliborðum.

5. gr. Hver er váttryggður og meðváttryggður?

Váttryggður er eigandi þeirra hagsmuna sem tilteknir er í váttryggingarskírteini.

Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í lausafénu eru ekki meðváttryggðir í skilningi laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðváttryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en váttryggður.

6. gr. Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir á þeim stað sem tiltekinn er í vátryggingarskírteini.

7. gr. Vátryggingarverðmæti

Vátryggingarfjárhæð nemur þeirri fjárhæð sem fram kemur á vátryggingarskírteini. Fjárhæðin breytist við endurnýjun samkvæmt vísitölu neysluverðs. Upphæð vátryggingarfjárhæðar telst ekki vera sönnun á verðmæti hinna vátryggðu hagsmuna. Vátryggingartaka ber sjálfum að gæta þess að vátryggingarfjárhæð sé í samræmi við áhættu á hverjum tíma.

8. gr. Óbeint tjón

Vátryggingin nær ekki til óbeins tjóns sem leiða kann af bótaskyldum atburði, svo sem rekstrartapi, töf á framleiðslu eða afhendingu á vörum.

9. gr. Takmarkanir eða varúðarreglur

Vátryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á vátryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.

10. gr. Ákvörðun bóta

- a. Tjónsbætur miðast almennt við enduröflunarverð á sambærilegum hlutum, miðað við markaðsvirði á tjónsdegi.
- b. Vörur sem vátryggður framleiðir ekki sjálfur verðleggjast samkvæmt innkaupsverði á hráefni að viðbættum kostnaði miðað við hefðbundinn innkaups- og flutningsmáta.
- c. Vörur í framleiðslu og fullunnar vörur verðleggjast samkvæmt innkaupsverði á hráefni að viðbættum áföllnum kostnaði.
- d. Töpuð framlegð bætist ekki.
- e. Ef félagið greiðir bætur í peningum eða útvegar sambærilegar vörur, áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- f. Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

11. gr. Upplýsingaskylda vátryggingartaka

Félaginu er heimilt að skoða hið vátryggða og umbúnað þess þegar félagið óskar.

12. gr. Vísitala

Vátryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari vátryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluverðs við hverja endurnýjun þessarar vátryggingar.

Skilmáli þessi gildir frá 01.10.2022